

✉ Re: FW: Ósk um umsögn - Hrunamannafréttur L223267, Kerlingafjöll, Landvarðaskáli, dsk. 2110001 -

Búið til	25.3.2022 13:22:46
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	25.3.2022 13:22:44
Tilheyrir	 202202-0023 - Hrunamannafréttur L223267, Kerlingafjöll, Landvarðaskáli, dsk. 2110001 -

Efni

Re: FW: Ósk um umsögn - Hrunamannafréttur L223267, Kerlingafjöll, Landvarðaskáli, dsk. 2110001 -

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	25.3.2022 13:22:44	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	stella@utu.is

Innihald

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Tilvísun nr. 202202-0023 (LA)

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. dags. 18. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir lóð landvarðaskála í Kerlingarfjöllum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið í gegnum tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að stefnt sé að því að bæta aðstöðu fyrir landverðir og starfsfólk Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með friðlysta svæðinu. Þar með verður auðveldara að tryggja eftirlit með umferð ferðafólks á svæðinu og koma í veg fyrir rask á viðkvæmri náttúru.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir nýrri byggingu við Setursleið, 150 m² skálahúsi með allt að 7 m mænishæð miðað við gólfkóta. Skálinn er utan þjónustusvæðisins í Ásgarði en innan friðlýsta svæðisins. Byggingareitur skála (B1) er teiknaður inn á deiliskipulagskort og er samtals 404 m² að stærð. Við skálahúsið verður afmarkað bílastæði og allar lagnir (heitt og kalt vatn, rafmagn og ljósleiðari) verða lagðar frá veitukerfum í Ásgarði að nýja skálanum. Fráveita og hreinsivirki, verður staðsett norðan við skálahúsið. Ekki er fjallað um í deiliskipulaginu hvort bæta þurfi vegslóða, Setursleið, vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Út frá ofan töldu telur Náttúrufræðistofnun að um verulegar framkvæmdir sé að ræða innan landslagsverndarsvæðis og á áður óröskuðu svæði. Skálabyggingin mun verða mjög sýnileg á þessum stað og breyta ásýnd umhverfisins. Allar fyrirhugaðar lagnir frá Ásgarði að skálanum munu valda raski á yfirborði. Náttúrufræðistofnun hefur margoft lýst náttúrufari og gildi þess innan Ásgarðs, en hér er um að ræða nýja staðsetningu á uppbyggingu sem ekki hefur verið fjallað um áður.

Náttúrufræðistofnun mælist til þess að fundin verður ný staðsetning fyrir skálahús landvarða innan þjónustusvæðis Ásgarðs.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

[www.ni.is](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNY%2BdfM%3D&reserved=0) (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNY%2BdfM%3D&reserved=0>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>

To: "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: FW: Ósk um umsögn - Hrunamannafréttur L223267, Kerlingafjöll, Landvarðaskáli, dsk. 2110001 -

Date: 21.2.2022 09:47:38

Sæl verið þið aftur

Ég var að taka eftir því að ég hef gleymt að láta uppdráttinn fylgja með greinargerðinni vegna þessa deiliskipulags.

Uppdrátturinn er hér í viðhengi.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

From: Stella Rúnarsdóttir

Sent: 18.02.2022 14:12:10

To: for@for.is <for@for.is>; axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; kristinn@minjastofnun.is <kristinn@minjastofnun.is>; rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; ni@ni.is <ni@ni.is>

Subject: Ósk um umsögn - Hrunamannafréttur L223267, Kerlingafjöll, Landvarðaskáli, dsk. 2110001 -

Góðan daginn

Óskum hér með eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi deiliskipulagstillögu sem tekur til landvarðarskála í Kerlingafjöllum, Hrunamannahreppi.

Tillagan er í auglýsingu til 25. mars n.k.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (mailto:stella@utu.is)

Vefsíða: www.utu.is (http://www.sbf.is/)

Viðhengi

image001.png (11 KB)